



Borgarráð

Umsögn borgarráðs um tímabundið tækifæris- og áfengisleyfi vegna Secret Solstice Party, Hard Rock Café Reykjavík, Lækjargötu 2a

HRC Island ehf hefur sótt um tækifæris- og tímabundið áfengisveitingaleyfi í tilefni af Secret Solstice Party á Hard Rock Café Reykjavík, Lækjargötu 2a. Sótt hefur verið um eftirfarandi veitingatíma áfengis:

- frá kl. 22.00 þann 21. júní 2019 til kl. 04.30 aðfaranótt laugardagsins 22. júní 2019
- frá kl. 23.00 þann 22. júní 2019 til kl. 04.30 aðfaranótt sunnudags 23. júní 2019
- frá kl. 24.00 þann 23. júní 2019 til kl. 03.00 aðfaranótt mánudags 24. júní 2019

Í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 kemur fram í 18. gr. að sækja þarf um leyfi til sölu og/eða afhendingar áfengisveitinga við einstök tækifæri í atvinnuskyni hvort sem um beina sölu veitinganna er að ræða eða hvers kyns afhendingu þeirra, svo sem í kynningarskyni, á sýningum eða sem lið í hvers konar samkomu- og/eða ráðstefnuhaldi, hvort sem er innan dyra, undir berum himni eða í tjaldi. Slík leyfi verða eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftár en tólf sinnum ár hvert vegna sama staðar. Tímabundið leyfi samkvæmt ákvæði þessu verður ekki gefið út til veitingar og/eða sölu áfengisveitinga á stað sem hefur fengið útgefið rekstrarleyfi heldur fara allar áfengisveitingar á slíkum stöðum fram á grundvelli rekstrarleyfisins og á ábyrgð leyfishafa. Rekstrarleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi samkvæmt ákvæði þessu sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga.

Samkvæmt 6. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs sem byggist á landnotkunarákvæðum í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er óheimilt að veita áfengi lengur en til kl. 01.00, nema aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Veitingastaðurinn er staðsettur í miðborg, á svæði þar sem gilda rýmri heimildir og má lengst leyfa afgreiðslutíma áfengis til kl 04:30, aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Umsóknin samræmist ekki þeim ákvæðum þar sem sótt er um veitingatíma áfengis til kl. 03:00 aðfaranótt mánudags. Í 4. mgr. 18. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 er rekstrarleyfishafa þó heimilað að sækja um leyfi sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga. Verður talið að sá viðburður sem hér er um rætt geti fallið að þeirri heimild.

Með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan er lagt til að borgarráð veiti jákvæða umsögn um tímabundið áfengisleyfi vegna Secret Solstice Party á Hard Rock Café, Lækjargötu 2a, frá kl. 22.00 þann 21. júní 2019 til kl. **04.30 aðfaranótt laugardagsins 22. júní 2019**, frá kl. 23.00 þann 22. júní 2019 til kl. **04.30 aðfaranótt sunnudags 23. júní 2019**, frá kl. 24.00 þann 23. júní 2019 til kl. **03.00 aðfaranótt mánudags 24. júní 2019**.

